

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál.

Stjórn Veiðifélags Víðidalsár vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn til atvinnuveganefndar vegna frumvarps til laga um lagareldi, 930. mál, sem nú liggur fyrir nefndinni.

Stjórn Veiðifélags Víðidalsár telur jákvætt að lagt sé fram frumvarp til laga um lagareldi sem taki heildstætt utan um greinina ef það á að halda þessum iðnaði áfram hér við strendur landsins. Veiðifélag Víðidalsár er á móti þessum iðnaði vegna skaða sem hann veldur á náttúrunni.

Tilgangur og meginmarkmið frumvarpsins virðist í stuttu máli vera tvíþættur. Annars vegar að efla verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu og hins vegar að stuðla að sjálfbæru og ábyrgu lagareldi en tryggja um leið verndun villtra nytjastofna. Allt eru þetta fögur fyrirheit en að mati stjórnar Veiðifélags Víðidalsár er þörf á að ganga enn lengra ef tilgangur og markmið frumvarpsins eiga að nást. Stjórn Veiðifélags Víðidalsár vill ávarpa þrjá þætti sérstaklega:

*Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við hin **ótímabundnu rekstrarleyfi**, sem koma fram í 33. grein. Skynsamlega væri að leyfin væru gefin út til nokkurra ára í senn og þegar endurnýjun færi fram þyrfi viðkomandi eldi fyrirtæki að fara í gegnum leyfisveitinguferlið upp á nýtt. Þannig væri hægt að skoða ítarlega stafræmi fyrirtækisins og vinna þannig meira í anda frumvarpsins.*

*Í öðru lagi er ábending varðandi **kostnað vegna leitar og veiða á strokulaxi**. Vandlega er þjallað um hvernig bregðast eigi við stroki úr öpunum sjókvíum enda sýna dæmin því miður að engan veginn er hægt að forðast slysasleppingar. Þessi vandi er nefndur sérstaklega í 45. grein og lögð til lögfesting þess efnis að allur kostnaður Matvælastofnunar og annarra sjórvalda vegna strokulaxa skuli greiddur af rekstrarleyfishöfðum. Stjórn Veiðifélags Víðidalsár leggur til, m.a. í jóni reynslunnar vegna hinna umtalsverðu slysasleppinga haustið 2023, að inn í þessa grein verði bætt ákvæði um að rekstrarleyfishöfðum skuli einnig bæta veiðifélögum og veiðiréttarhöfum þann kostnað sem til fellur þegar farið er í aðgerðir vegna leita og veiða á strokulaxi. Ef fyrirtæki sem stunda eldi í öpunum sjókvíum eru ekki að stunda þennan rekstur af ábyrgð og vísitandi gáleysi á sér stað eins og dæmin sanna, samanber slysaslepping hjá Arctic Fish í Patreksfirði haustið 2023, þá komi til skerðing á rekstrarleyfi eða svifting leyfis af brotin eru alvarleg og endurtekin.*

*Í þriðja lagi er mikilvægt að ávarpa XI. kafla frumvarpsins sem þjallar um **kynþroska lax** og hveiju ræktun hans er háð og hvernig hægt sé að seinka kynþroska. Hin gífurlega slysaslepping, sem átti sér stað sl. haust, hafði í för með sér allmikla göngu á kynþroska laxi í margar afar verðmætar laxveiðiár, m.a. Víðidalsá og Fijaá. Í jóni þess telur stjórn Veiðifélags Víðidalsár brýna þörf á því að sett verði í frumvarpið ákvæði þess efnis að innan 5 ára verði algjörlega óheimilt að rækta fjóran lax í öpunum sjókvíum. Þannig væri hugsanlegt að skapa sátt milli andstæðra póla í þessu máli og ná betur fram markmiðum frumvarpsins um verndun villtra nytjastofna.*

Stjórn Veiðifélags Víðidalsár áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúna til samtals við atvinnuveganefnd um málið.

F.h. stjórnar Veiðifélags Víðidalsár

Gunnar Þorgeirsson

